

Þjóðleikhúsið á leikferð um landið – sýning fyrir ungt fólk

Reykjavík, júní 2021

Kæri viðtakandi,

Enn á ný leggjum við í Þjóðleikhúsinu af stað í leikferð um landið með sýningu fyrir unga fólk. Að þessu sinni er það sýningin Vloggið eftir Matthías Tryggva Haraldsson.

Það er okkur í Þjóðleikhúsinu mikil ánægja að geta boðið unga fólkinu á landsbyggðinni í leikhús þeim að kostnaðarlausu, en við óskum þess í stað eftir samstarfi um gistingu fyrir leikara og tæknifólk og rými til að leika í.

Um er að ræða 2 leikara og eina tæknimanneskju.


Við erum sjálfbær með alla tækni en rýmið þyrfti að vera hægt að myrkva með 3 metra lofthæð og leikrými þyrfti að vera að lágmarki 5x5 metrar. Eins þarf rafmagn að vera stöðugt (10-16 amper) og aðgengi að minnst 4 tenglum.

Leikritið Vloggið er spennandi hugleiðing um vináttu, misgóðar forvarnir og myndbandsveituna Youtube. Þar eru Konráð og Sýrri að flytja alheiminum mikilvæg skilaboð í von um að verða heimsfræg, eða allavega að geta bjargað einhverjum unglíngi á Austfjörðum. En kannski snýst þetta, ómeðvitað, meira um að fá viðurkenningu frá hinum krökkunum í skólanum.

Björn Ingi Hilmarsson er umsjónarmaður fræðslustarfs leikhússins og hann veitir allar frekari upplýsingar. Netfang hans er: Bjorn.Ingi@leikhusid.is og farsími hans er: 664 0464.

Þetta samstarf hefur verið með miklum ágætum undanfarin ár og vonandi getum við haldið því þannig áfram, og það verði fastur liður á hverju ári fyrir unga fólk að landsbyggðinni að fá Þjóðleikhúsið í heimsókn með leiksýningu.

Með von um góðar undirtektir,


Magnús Geir Þórðarson, Þjóðleihússtjóri